

FLOW STÍFLUEYÐIR

- Efnið er ætlað til losunar á stíflum í niðurföllum.
- Athugið að þetta er mjög sterkt og ætandi efni, sem inniheldur 66% brennisteinssýru.
- Notið ávallt hanska og hlífðargleraugu.
- Gætið þess að góð loftræsting sé til staðar.



Notkunarleiðbeiningar:

1. Fjarlægið eins mikið af því vatni sem er til staðar og hægt er. Takið til plastpoka til að setja brúsann og trektina í eftir notkun.
2. Hellið FLOW varlega í niðurfallið. Notið trektina sem fylgir með til þess að komast hjá því að efnið skemmi króm eða postulín.
3. Gætið þess að efnið standi ekki í sturtubotni eða baðkersbotninum.
4. Varist að efnið komist í snertingu við fót eða fleti sem þola illa sterk efni.
5. Látið efnið vinna í um það bil 5 mínútur. Bætið þá við einu glasi af köldu vatni í niðurfallið.
6. Bíðið í nokkrar mínútur og skolið síðan vel með miklu af köldu vatni.
7. Endurtakið ef þörf er á.
8. Ef aðeins er notaður hluti efnisins í brúsanum, skolið þá trektina vel með köldu vatni, og eins brúsann að utan eftir að tappinn hefur verið skrúfaður á, til að tryggja að engin skaðleg áhrif efnisins séu til staðar. Setjið brúsann og trektina í plastpoka og geymið þar sem börn ná ekki til.
9. Ef brúsinn er tómur, skrúfið tappann á og setjið brúsann og trektina í plastpokann, bindið fyrir og setjið í ruslið. Gætið þess að það sé tryggt að börn geti ekki komist í umbúiðrnar að notkun lokinni.

Leiðbeiningar um magn efnis við losun á stíflu:

Vaskar: 1/5 hluti flöskunnar.

Salerni: ½ til ¾ hluti flöskunnar.

Stærri niðurföll: Allt innihald flöskunnar.



Efnið er mjög ætandi.

Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu af vatni og leita læknis. Ekki hella vatni á eða í FLOW stíflulosunarefnið.

Eiturupplýsingastöð Landspítalans - sími: 543 2222

ATHUGIÐ:

Efnið á aldrei að nota með heitu vatni, drullusokk eða með öðrum efnum.

VARÚÐ!

Geymist þar sem börn ná ekki til.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál